

**Nd.**

**145. Frumvarp til laga**

[53. mál]

um sinubrennur og meðferð elds á víðavangi.

(Eftir 3. umr. í Ed., 6. des.)

**1. gr.**

Bannað er að kveikja í sinu og brenna sinu innan kaupstaða eða kauptúna eða í þéttbýli, er til kauptúna má jafna. Þó getur lögreglustjóri eða hreppstjóri veitt leyfi til sinubrennslu á tilteknu svæði innan nefndra staða, ef sérstakar ástæður liggja til, enda hafi slökkviliði staðarins þá verið gert viðvart með þeim fyrirvara, er yfirvaldið ákveður.

**2. gr.**

Í sveitum er ábúendum einstakra jarða og umráðamönnum óbyggðra jarða heimilt að brenna sinu á jörðum sínum, ef fullnægt er þessum skilyrðum:

- a. að takmörk svæðis þess, er brenna skal, séu fyrir fram ákveðin,
- b. að eigi séu á því svæði mannvirki, trjágróður eða önnur ræktun, er eldur getur grandað, eða nær brunasvæðinu en í 200 metra fjarlægð frá yztu mörkum þess,
- c. að jarðvegur sé eigi svo þurr, að hætta sé á, að hann spillist af eldinum,
- d. að eigendum eða umráðamönnum landsvæða og mannvirkja, sem liggja nær yztu mörkum lands þess, er brenna skal, en 1000 metra, hafi verið tilkynnt um fyrirhugaða sinubrennu a. m. k. 6 klst. áður en hún skal hefjast,
- e. að sá, er brennu framkvæmir, hafi nægan mannafla og tæki til þess að ráða við eldinn, eða hafi áður gert fullnægjandi ráðstafanir með jarðrásum eða á annan hátt, til þess að halda sinueldinum innan þeirra marka, sem honum eru í upphafi sett, sbr. a.-lið.

**3. gr.**

Skylt er hverjum þeim, er sinubrennu framkvæmir, að sjá um, að stöðug gát sé höfð á sinueldinum og útbreiðslu hans.

**4. gr.**

Leita skal leyfis hreppstjóra, áður en sinubrenna er framkvæmd. Skal hreppstjóri gæta þess, að fullnægt sé skilyrðum þeim, er í 2. gr. getur, og má hann eigi leyfa brennuna, nema svo sé. Hreppstjóri getur og um stundarsakir synjað um leyfi til sinubrennu, ef hann vegna veðurs eða annarra mikilvægra ástæðna telur sérstaka hættu samfara framkvæmd fyrirhugaðrar brennu.

**5. gr.**

Hvarvetna skal óheimilt að brenna lyng- eða kjarrgróður, nema taka eigi land til ræktunar eða sérstakrar beitarræktunar, enda brjóti brennsla slíks gróðurs eigi í bág við ákvæði II. kafla laga nr. 3/1955, um skógrækt.

**6. gr.**

Sinu má aðeins brenna á tímabilinu frá 1. desember til 1. maí. Þó má veita leyfi til brennslu sinu og gróðurs þess, sem í 5. gr. getur, til 15. maí á svæðinu norðan Ísafjarðardjúps og norðan heiða allt austur að Fjarðarheiði og Breiðdalsheiði, ef veðráttu hamlar því, að mati hreppstjóra, að brenna sé framkvæmd fyrr, enda mæli sérstakar ástæður eigi gegn því.

**7. gr.**

Skylt er öllum þeim, sem ferðast um eða dvelja á jörðum eða lendum einstakra aðilja, almenningum, afréttum, þjóðgörðum eða öðrum þess konar friðuð-

um eða friðlýstum svæðum, að fara varlega með eld. Er óheimilt að gera eld á nefndum svæðum, nema tryggilega sé um hann búið í eldstæði eða hann kveiktur á þess konar jarðvegi, að ekki sé hætt á því, að hann breiðist út. Skal öllum skylt að gæta þess vandlega, að eldur sé að fullu kulnaður, áður en eldstæði er yfirgefið.

8. gr.

Skylt er hverjum þeim, er þess verður var, að eldur er laus á þeim svæðum, er í 7. gr. getur, að tilkynna það umráðamanni lands eða því yfirvaldi, sem auðveldast er að ná til.

9. gr.

Ef tjón hlýzt á eign annars manns af völdum sinubruna, fer um bótaábyrgð eftir almennum reglum.

Sama gildir um bótaábyrgð þeirra, sem með gálausri meðferð elds verða valdir að tjóni á svæðum þeim, er í 7. gr. getur.

10. gr.

Brot gegn ákvæðum laga þessara verða sektum kr. 200.00—20 000.00, er renni í ríkissjóð.

11. gr.

Frá gildistöku laga þessara falla úr gildi ákvæði 29. kap. Llb. Jónsbókar um elds ábyrgð.

12. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.